

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/62/01		Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 13. apríl 2011 um opinbert eftirlit með lúkningsgjöldum í fastanetum og farsímanetum í EFTA-ríkjunum . . . . .	1
2012/EES/62/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 264/12/COL frá 5. júlí 2012 um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðis og um niðurfellingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL . . . . .	10
2012/EES/62/03		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 265/12/COL frá 5. júlí 2012 um viðurkenningu á viðbragðsáætlun stjórnvalda í Noregi vegna skráðra framandi sjúkdóma í lagardýrum . . . . .	12
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/62/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6699 – MEP/Walach Bros/Walmark) . . . . .	14
2012/EES/62/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6741 – Vivendi Group/N/C+ Entity) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	15
2012/EES/62/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6767 – Bain Capital Investors/Atento) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	16
2012/EES/62/07		Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer SA.31550 (2012/C) (áður 2012/NN) og SA.34890 (2012/C) (áður 2012/N) – Nürburgring – Auglýst eftir athugasendum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. . . . .	17
2012/EES/62/08		Ríkisaðstoð – Belgía, Frakkland, Lúxemborg – Málsnúmer SA 34925 (2012/C) (áður 2012/N) Dexia – Hækkun á efri mörkum ábyrgðar – Belgía, SA 34927 (2012/C) (áður 2012/N) Dexia – Hækkun á efri mörkum ábyrgðar – Lúxemborg, SA 34928 (2012/C) (áður 2012/N) Dexia – Hækkun á efri mörkum ábyrgðar – Frakkland – Auglýst eftir athugasendum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. . . . .	17

<b>2012/EES/62/09</b>	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer SA.34118 (2012/C) (áður 2011/N) – LIP – Aðstoð við Porsche Leipzig – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins . . . . .	18
<b>2012/EES/62/10</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnar EB um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. nóvember 2012 . . . . .	19

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/62/01

frá 13. apríl 2011

um opinbert eftirlit með lúkningargjöldum í fastanetum og farsímanetum í EFTA-rikkjunum <sup>(1)</sup>

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(2)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(3)</sup>,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum stafl. b) í 2. mgr. 5. gr.,

með vísan til gerðarinnar sem vísað er til í XI. viðauka við EES-samninginn, lið 5cl:

*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu („rammatilskipun“) <sup>(4)</sup>,*

einkum 1. mgr. 19. gr., með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn,

að höfðu samráði við fjarskiptanefnd EFTA

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. rammatilskipunarinnar ber eftirlitsyfirvöldum í EFTA-rikkjunum að stuðla að þróun innra markaðarins, m.a. með því að vinna saman og með framkvæmdastjórninni og/eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, „á gagnsæjan hátt til að tryggja að þróaðar verði samræmdar starfsvenjur við eftirlit“. Engu að síður kom í ljós í tengslum við mat á yfir 850 fyrirhuguðum ráðstöfunum, sem tilkynntar höfðu verið í samræmi við 7. gr. rammatilskipunarinnar, að nokkuð skorti enn á að opinbert eftirlit með lúkningargjöldum væri samræmt.
2. Enda þótt kostnaðarviðmiðun af einhverju tagi tíðkist í flestum EES-rikkjanna er eftirlit með gjaldskrá enn með ýmsu móti á Evrópska efnahagssvæðinu. Auk þess sem verulegur munur er á því hvaða mælikvarðar eru notaðir á kostnað er mismunandi hvernig þeim mælikvörðum er beitt. Þetta eykur muninn á hæstu og lægstu heildsölugjöldum fyrir lúkningu á Evrópska efnahagssvæðinu, og verður sá munur aðeins skýrður að hluta til með sérstöðu einstakra þjóðlanda. Samtök fjarskiptaftirlitsstofnana í Evrópu (ERG) <sup>(5)</sup>, sem komið var á fót með gerðinni sem um getur í XI. viðauka við EES-samninginn, lið 5ci (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB <sup>(6)</sup>), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn <sup>(7)</sup>, viðurkenndu þessa stöðu mála í sameiginlegu afstöðuskjali um samhverf lúkningargjöld í fastanetum og samhverf lúkningargjöld í farsímanetum. Þá hafa eftirlitsyfirvöld í

<sup>(1)</sup> Samsvarar tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 2009/396/EB frá 7. maí 2009 um opinbert eftirlit með lúkningargjöldum í fastanetum og farsímanetum í Evrópusambandinu (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 67), með áorðnum breytingum vegna aðlögunar að EES-samningnum.

<sup>(2)</sup> [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

<sup>(3)</sup> „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33 (með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 717/2007, Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32, og reglugerð (EB) nr. 544/2009, Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 12).

<sup>(5)</sup> [Aths. þýðanda: Nefnast „Evrópskur hópur eftirlitsaðila“ í ísl. þýð. á ákvörðun 2002/627/EB.]

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38.

<sup>(7)</sup> Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2004 (Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 58, og EES-viðbætur nr. 20, 22.4.2004, bls. 13), gildistökudagur 7.2.2004.

EFTA-ríkjunum í nokkrum tilvikum heimilað smáum fastanets- eða farsímafélögum að innheimta hærri lúkningargjöld á þeirri forsendu að um sé að ræða nýliða á markaði sem hafi ekki getað fært sér í nyt stærðarhagræði og/eða búi við kostnaðarmyndun sem sé ólík því sem gerist hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Ósamhverf gjöld af þessu tagi eru fyrir hendi bæði innan einstakra ríkja og milli landa, enda þótt þau séu á undanhaldi. Samtök fjarskiptaeftirlitsstofnana í Evrópu tóku undir það sjónarmið í sameiginlega afstöðuskjalinu að lúkningargjöld ættu að jafnaði að vera samhverf og að fullgildar ástæður þyrftu að vera fyrir hinu gagnstæða.

3. Þegar mikill munur er á því hvernig opinberu eftirliti með lúkningargjöldum í fastanetum og farsímanetum er háttað verður afleiðingin röskun á grundvallarþáttum samkeppni. Lúkningarmarkaðir einkennast af aðstæðum þar sem tvö fjarskiptafyrirtæki leita aðgangs til þess að koma á tengingu, og er þá byggt á því að þau hafi bæði hag af slíkri tilhögun, en þar eð félögin eru einnig keppinautar um áskrifendur getur fjárhæð lúkningargjaldanna haft mikla þýðingu bæði með tilliti til stefnumörkunar félaganna og samkeppni þeirra í milli. Ef lúkningargjöld eru höfð hærri en sem nemur tilkostnaði í hagkvæmum rekstri veldur það verulegum tilflutningi milli fastanets- og farsíamarkaðar og neytenda. Við þetta bætist að á mörkuðum þar sem fjarskiptafyrirtæki hafa mjög ólíka markaðshlutdeild getur afleiðingin orðið sú að verulegir fjármunir renni frá smærri félögunum til hinna stærri. Þá eru lúkningargjöld í farsímanetum í ýmsum EES-ríkjum enn há í samanburði við það sem tíðkast í ýmsum löndum utan EES, svo og í samanburði við lúkningargjöld í fastanetum almennt, og er verð til neytenda því enn hátt þó að það fari nú lakkandi. Há lúkningargjöld leiða að jafnaði til hárra smásölugjalda fyrir upphaf samtala og minni notkunar sem því nemur, og bitna þannig á hagsmunum neytenda.
4. Sá skortur á samræmi, sem enn ríkir að því er varðar beitingu kostnaðarbókhaldsreglna á lúkningarmörkuðum, sýnir að nauðsynlegt er að nálgast vandann með sameiginlegum aðferðum sem tryggja meiri réttarvissu og búa hugsanlegum fjárfestum rétta hvata, og minnka reglubyrðina sem hvílir á fjarskiptafyrirtækjum sem nú eru starfandi í fleiri en einu EES-ríki. Sú viðleitni að tryggja eðlilegt sambengi milli reglna á mismunandi lúkningarmörkuðum er skýrt markmið sem eftirlitsyfirvöld í einstökum ríkjum hafa viðurkennt og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnun EFTA hafa ítrekað lýst stuðningi við í tengslum við mat sitt á fyrirhuguðum ráðstöfunum samkvæmt 7. gr. rammatilskipunarinnar.
5. Í ýmsum ákvæðum regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu er að finna áskilnað um nauðsynlegar og viðeigandi kostnaðarbókhaldsaðferðir og kvaðir um eftirlit með gjaldskrá, sbr. 9., 11. og 13. gr. sbr. 20. mgr. aðfararorða gerðarinnar sem um getur í XI. viðauka við EES-samninginn, lið 5cj (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu<sup>(8)</sup>) („tilskipun um aðgang“), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn<sup>(9)</sup>.
6. Með gerðinni, sem um getur í XI. viðauka við EES-samninginn, lið 26j (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/698/EB frá 19. september 2005 um aðgreint bókhald og rekstrarbókhaldskerfi innan reglurammans um rafræn fjarskipti<sup>(10)</sup>), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn<sup>(11)</sup>, hefur verið komið upp regluramma um samræmda beitingu sérákvæðanna um kostnaðarbókhald og bókhaldslegan aðskilnað, með það að markmiði að auka gagnsæi að því er varðar lögboðin bókhaldskerfi, bókhaldsaðferðir, endurskoðun og skýrslugjöf til hagsbóta fyrir alla sem hlut eiga að máli.
7. Heildsöluþjónusta á sviði lúkningar samtala er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að sinna lúkningu samtala til staða (í fastanetum) eða áskrifenda (í farsímanetum). Á Evrópska efnahagssvæðinu ræðst gjalddaga fyrir þessa þjónustu af þeirri reglu að kostnaðurinn leggist á netið sem hringt er úr, en það merkir að lúkningargjaldið ákvarðast í netinu sem hringt er í en er greitt í netinu sem hringt er úr. Sá, sem hringt er í, greiðir ekki fyrir þjónustuna og hefur yfirleitt engan hvata til að bregðast við lúkningargjöldunum sem fjarskiptafyrirtækið innheimtir. Þegar kemur að samkeppnismálum hafa eftirlitsyfirvöld í þessu tilliti helst talið ástæðu til að

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

<sup>(9)</sup> Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 (Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 60, og EES-viðbætur nr. 20, 22.4.2004, bls. 14), gildistöku dagur 1.11.2004.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 266, 11.10.2005, bls. 64.

<sup>(11)</sup> Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 (Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 11), gildistöku dagur 5.7.2008.

hafa áhyggjur af of háu verði. Þegar upp er staðið eru há lúkningargjöld látin endurheimtast með því að hækka gjöldin sem notendur greiða. Önnur samkeppnisvandamál, sem komið geta upp með vísan til þess að lúkningarmarkaðir byggjast á aðgangi tveggja aðila, eru til að mynda víxlniðurgreiðslur frá einu fjarskiptafyrirtæki til annars. Hugsanleg samkeppnisvandamál af því tagi koma fyrir jafnt á mörkuðum fyrir lúkningu í fastanetum og farsímanetum. Af þessum sökum er lítið svo á, í ljósi þess að fjarskiptafyrirtæki, sem annast lúkningu, geta hækkað verð verulega umfram kostnað og búa við hvata til þess, að til meðallangs tíma lítið sé heppilegast að bregðast við vandanum með reglum um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár. Í 20. mgr. aðfararorða tilskipunarinnar um aðgang kemur fram að taka skuli mið af aðstæðum þegar ákveðið er hvaða aðferð skuli notuð við að endurheimta kostnað. Vegna hinna sérstöku aðstæðna sem ríkja á lúkningarmörkuðum, og álitamála sem vaknað geta í tengslum við það að því er varðar samkeppni og eðlilega dreifingu kostnaðar, hefur um langt skeið verið viðurkennt af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA að samræmdar aðferðir, sem miðast við tilkostnað í hagkvæmum rekstri og reglur um samhverf lúkningargjöld, geti stuðlað að aukinni hagkvæmni, raunhæfri samkeppni og sem mestum ávinningi fyrir neytendur að því er varðar verð og þjónustuframboð.

8. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. rammatilskipunarinnar ber stjórnvöldum í EES-ríkjunum að tryggja að við framkvæmd eftirlitsverkefna, sem tilgreind eru í þeirri tilskipun og sértilskipunum, einkum þeirra sem ætlað er að tryggja virka samkeppni, byggji eftirlitsyfirvöld eftir föngum á því að reglur þurfa að vera hlutlausar í tæknilegu tilliti. Þá er áskilið í 2. mgr. 8. gr. rammatilskipunarinnar að eftirlitsyfirvöld í EES-ríkjunum skuli stuðla að samkeppni, meðal annars með því að tryggja öllum notendum sem mestan ávinning að því er varðar úrval þjónustu, verð og gæði, og sjá til þess að ekki komi til röskunar eða takmörkunar á samkeppni. Til þess að ná þessum markmiðum og gæta samræmis milli EES-ríkjanna verður eftirlit með lúkningargjöldum að miðast við að þau lækki svo fljótt sem unnt er þar til þau samsvara tilkostnaði fjarskiptafyrirtækis sem náð hefur hagkvæmni í rekstri.
9. Í samkeppnisumhverfi myndu fjarskiptafyrirtæki keppa sín í milli á grundvelli tilkostnaðar í rekstri þeirra hverju sinni („núkostnaðar“) með þeim afleiðingum að þau gætu ekki endurheimt kostnað sem stafaði af óhagkvæmum rekstri. Af þessum sökum verður að leiðrétta tölur, sem sýna kostnað liðinna ára, til samræmis við núkostnað þannig að þær endurspegli á réttan hátt tilkostnað fjarskiptafyrirtækis sem náð hefur hagkvæmni í rekstri og nýtir sér nútímatækni.
10. Ef fjarskiptafyrirtæki fá endurgreiddan allan raunkostnað vegna lúkningsar búa þau við lítinn hvata til að auka hagkvæmni í rekstri sínum. Notkun neðansækings líkans samræmist í þessu tilliti hugmyndinni um þróun netkerfis sem miðast við hagkvæman rekstur fjarskiptafyrirtækis, en þá er hagrænt/tæknilegt líkan af hagkvæmu netkerfi smíðað á grundvelli upplýsinga um núkostnað. Er þá gengið út frá því hvaða tæknibúnaðar er þörf, fremur en því hvaða búnaður er notaður í raun, og þannig horft framhjá kostnaði vegna eldri fjárfestinga.
11. Þar eð neðansækið líkan byggist að miklu leyti á afleiddum gögnum, til að mynda er rekstrarkostnaður nets reiknaður samkvæmt upplýsingum frá tækjabirgjum, kunna eftirlitsyfirvöld að vilja bera saman niðurstöður úr neðansæknu og ofansæknu líkani til þess að gera niðurstöðurnar sem áreiðanlegastar og komast hjá því að mikill munur verði á rekstrarkostnaði, fjármunakostnaði og kostnaðarskiptingu hins ímyndaða fjarskiptafyrirtækis og því sem gerist hjá raunverulegu fyrirtæki. Til þess að leiða í ljós og sníða af hugsanlega vankanta neðansækna líkansins, sem geta til að mynda stafað af ófullkomnum aðgangi að upplýsingum, geta eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríki borið niðurstöður samkvæmt neðansækna líkaninu saman við niðurstöður samkvæmt samsvarandi ofansæknu líkani sem byggt er á endurskoðuðum gögnum.
12. Þegar kostnaðarlíkan er notað skal taka mið af hagkvæmum tæknilausnum sem tiltækar hafa verið á tímabilinu sem líkanið nær til, að því leyti sem unnt er greina hverjar þær voru. Forsendur neðansækings líkans, sem smíðað væri núna, gætu þannig í meginatriðum verið þær að grunnnet fastaneta byggist á tækni næstu kynslóðar neta (NGN). Neðansækið líkan fyrir farsímanet þarf að miðast við notkun sameinaðs kerfis 2G og 3G í aðgangshluta netkerfisins, eins og búast má við að raunin verði, en miða má við að grunnnetið sé byggt á NGN-tækni.

13. Að teknu tilliti til hinna sérstöku aðstæðna sem ríkja á lúkningarmörkuðum ber að reikna kostnað af lúkningarþjónustu með vísan til væntrar langtímaþróunar viðbótarkostnaðar (LRIC). Í LRIC-líkani er litið á alla kostnaðarliði sem breytilega, og þar eð byggt er á þeirri forsendu að allar eignir séu endurnýjaðar þegar til langs tíma er litið tryggir gjaldskrárákvörðun á grundvelli LRIC að kostnaður endurheimtist að teknu tilliti til hagkvæmni. LRIC-líkön taka einungis til kostnaðarliða sem falla til vegna skilgreindrar viðbótarpjónustu. Viðbótarkostnaðarnálgun, þar sem aðeins eru teknir til greina kostnaðarliðir sem samsvara hagkvæmum rekstri og falla myndu niður ef hætt væri að bjóða viðbótarpjónustuna (þ.e. umflýjanlegir kostnaðarliðir), stuðlar að hagkvæmni framboðs og neyslu og heldur hugsanlegri samkeppnisröskun í lágmarki. Því meira sem misræmið er milli lúkningargjalda og viðbótarkostnaðar þeim mun meiri röskun verður á samkeppni milli fastanetsmarkaðar og farsímamarkaðar og/eða milli félaga með mismikla markaðshlutdeild og símaumferð. Af þeim sökum er full ástæða til að beita hreinni LRIC-aðferð þar sem viðbótarpjónustan er heildsala á sviði lúkningar og taka aðeins til greina umflýjanlegan kostnað í því samhengi. Með nálgun á grundvelli LRIC á einnig að vera unnt að endurheimta allan fastan og breytilegan kostnað (þar eð gert er ráð fyrir að fastakostnaður verði breytilegur þegar til langs tíma er litið), sem bætist við vegna rekstrar heildsöluþjónustu á sviði lúkningar, og stuðla þannig að því að kostnaður endurheimtist að teknu tilliti til hagkvæmni.
14. Umflýjanlegur kostnaður er munurinn á staðfestum samanlögðum langtímakostnaði fjarskiptafyrirtækis vegna allra þjónustubátta og staðfestum samanlögðum langtímakostnaði sama félags vegna allra þjónustubátta nema heildsöluþjónustu við utanaðkomandi aðila á sviði lúkningar (þ.e. kostnaður fjarskiptafyrirtækis sem býður utanaðkomandi aðilum ekki þjónustu á sviði lúkningar). Til þess að tryggja viðeigandi kostnaðarskiptingu er nauðsynlegt að greina á milli umferðartengds kostnaðar, þ.e. allra fastra og breytilegra kostnaðarliða sem hækka eftir því sem umferð eykst, og kostnaðar sem tengist ekki umferð, þ.e. allra kostnaðarliða sem hækka ekki með aukinni umferð. Við greiningu á því hvaða umflýjanlegi kostnaður fellur til vegna heildsöluþjónustu á sviði lúkningar skal horft framhjá kostnaðarliðum sem eru ekki umferðartengdir. Því næst getur verið rétt að heimfæra umferðartengda kostnaðarliði fyrst á aðrar tegundir þjónustu (t.d. upphaf símtala, SMS, MMS, breiðband, leigulínur o.s.frv.) þannig að heildsöluþjónusta á sviði lúkningar símtala verði síðasti þjónustuliðurinn sem litið er til. Með því móti ætti kostnaður, sem heimfærður er á heildsöluþjónustu á sviði lúkningar, aðeins að samsvara viðbótarkostnaði sem fellur til vegna þeirrar þjónustu. Þetta merkir að í kostnaðarbókhaldi, sem byggt er á LRIC-nálgun að því er varðar heildsöluþjónustu á sviði lúkningar á fastanets- og farsímamörkuðum, ber aðeins að leyfa endurheimtu kostnaðar sem félli niður ef hætt væri að selja utanaðkomandi aðilum þjónustuna.
15. Við blasir að lúkning símtala er þjónusta sem nýtist bæði þeim sem hringir og þeim sem hringt er í (hinn síðarnefndi svarar ekki hringingunni nema vegna þess að símtalið nýtist honum), en það bendir aftur til þess að báðir eigi sinn þátt í því að til kostnaðarins er stofnað. Kostnaðarviðmiðun gjaldskrár er látin byggjast á uppruna kostnaðar í samræmi við það sjónarmið að kostnaður eigi að falla á þann sem stofnar til hans. Með tilliti til þess að lúkningarmarkaðir eru tvíhliða í eðli sínu, þ.e. rekja má orsök kostnaðarins til tveggja aðila, er ekki nauðsynlegt að ákveða heildsölugjöld fyrir lúkningu þannig að allur kostnaður, sem þessu tengist, sé látinn endurheimtast gegnum þau. Með tilliti til þeirra atriða, sem fjallað er um í þessum tilmælum, má þó ákveða heildsölugjöldin þannig að unnt sé að endurheimta í gegnum þau allan umflýjanlegan kostnað sem rakinn verður til heildsöluþjónustu á sviði lúkningar, þ.e. allan kostnað sem eykst samhliða aukinni notkun lúkningarpjónustu í heildsölu.
16. Við ákvörðun lúkningargjalda verður hvers kyns frávik frá því að miða við samræmdan kostnaðargrunn í hagkvæmum rekstri að byggjast á málefnalegum kostnaðarfrávikum sem eru ekki í valdi fjarskiptafyrirtækja. Í fastanetum hefur ekki verið bent á nein slík málefnaleg kostnaðarfrávik sem eru ekki í valdi hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækis. Í farsímanetum getur ójöfn hlutdeild í úthlutuðu tíðnisviði talist ytri þáttur sem veldur því að kostnaður farsímafélaga af hverri seldri einingu er mismunandi. Ytri orsök kostnaðarfrávika getur verið að tíðnisviði hafi ekki verið úthlutað á markaðsforsendum heldur með því að gefa út eitt leyfi í einu. Þegar tíðnisviði er úthlutað á markaðsforsendum, til dæmis með uppboði, svo og þegar heimilt er að framselja tíðnisvið eftir úthlutun, ráðast kostnaðarfrávik í tengslum við tíðnisvið fremur af innri þáttum og má þá telja líklegt að þau minnki verulega eða hverfi með öllu.

17. Nýliðar á farsímamörkuðum geta einnig þurft að bera hærri kostnað á hverja selda einingu um nokkurt skeið, eða þangað til minnstu hagkvæmnisstærð er náð. Við slíkar aðstæður geta eftirlitsyfirvöld í viðkomandi ríkjum veitt heimild til þess, eftir að staðfest hefur verið að fyrirtæki mæti hindrunum á smásölumarkaði þegar þau vilja hefja nýjan rekstur eða færa út kvíarnar, að viðbótarkostnaður, sem er hærri en viðbótarkostnaður fjarskiptafyrirtækis í viðmiðunarlíkani, sé látinn endurheimtast á tilteknu aðlögunartímabili sem getur verið allt að fjögur ár eftir að starfsemi hófst. Með vísan til sameiginlegs afstöðuskjals Samtaka fjarskiptaeftirlitsstofnana í Evrópu er eðlilegt að miða við að ósamhverf lúkningargjöld séu jöfnuð út á fjórum árum, enda má ætla að eftir að starfsemi hefst á farsímamarkaði taki þrjú til fjögur ár að ná 15–20% markaðshlut og nálgast þannig minnstu hagkvæmnisstærð. Þetta er ólíkt stöðu nýliða á fastanetsmörkuðum sem geta haldið einingarkostnaði lágum með því að einbeita sér að tilteknum landsvæðum með mikilli umferð og/eða með því að leigja netaðstöðu af ráðandi fjarskiptafyrirtækjum eftir þörfum.
18. Æskilegt er að nota afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eignar. Ef talið er óraunhæft að koma upp áreiðanlegu afskriftalíkani á grundvelli nýtingarvirðis koma þó aðrar aðferðir til greina, til að mynda línuleg afskrift, árgreiðslur eða árgreiðslur að teknu tilliti til væntrar verðþróunar. Val milli þessara mismunandi aðferða skal miðast við hversu líklegt er að þær muni samsvara afskriftum á grundvelli nýtingarvirðis. Ef talið er óraunhæft að koma upp áreiðanlegu afskriftalíkani á grundvelli nýtingarvirðis ber að skoða sérstaklega afskriftaferil allra stórra eigna samkvæmt neðansæknu líkani og velja þá aðferð sem skilar svipuðum afskriftaferli og afskriftir á grundvelli nýtingarvirðis.
19. Þegar kemur að mati á hagkvæmnisstærð eiga mismunandi sjónarmið við á fastanets- og farsímamarkaði. Hugsanlegt er að minnsta hagkvæmnisstærð náist á mismunandi stigum á fastanets- og farsímamarkaði vegna þess hversu mikill munur er á regluverki og viðskiptaumhverfi á þessum mörkuðum.
20. Við eftirlit með heildsölugjöldum fyrir lúkningu skulu eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum gæta þess að setja hvorki bann né hömlur við því að fjarskiptafyrirtæki taki upp annars konar tilhögun vegna skipta á lúkningsumferð þegar fram í sækir, með fyrirvara um að slík tilhögun samræmist sjónarmiðum um samkeppnismarkað.
21. Nægilegt verður að teljast að gefa eftirlitsyfirvöldum í EFTA-ríkjunum aðlögunarfrest til 31. desember 2012 til þess að koma upp kostnaðarlíkani og fjarskiptafyrirtækjum sama frest til að laga viðskiptaáætlanir sínar að því líkani, enda er þá einnig tekið tillit til þeirrar brýnu nauðsynjar að tryggja neytendum sem mestan ávinning með því að miða lúkningargjöld við tilkostnað í hagkvæmum rekstri.
22. Í undantekningartilvikum geta eftirlitsyfirvöld, sem skortir fjárráð eða mannafla, þurft lengri aðlögunarfrest til að útbúa kostnaðarlíkanið sem tilmæli eru um. Ef þau geta við þær aðstæður sýnt fram á að nota megi aðra aðferð en neðansækið LRIC-líkan sem byggist á núkostnaði (t.d. verðsamanburð) til þess að ákveða verð í samræmi við þessi tilmæli, svo og að slíkar verðákvarðanir verði í samræmi við það sem gerist á samkeppnismarkaði, geta þau farið þá leið að ákveða bráðabirgðagjaldskrá á grundvelli slíkrar fráviksaðferðar með gildistíma til 1. júlí 2014. Ef málefnaleg rök standa til þess að það væri óhófleg byrði fyrir eftirlitsyfirvöld sem skortir fjárráð eða mannafla að beita eftir ofangreindan dag kostnaðaraðferðinni, sem tilmæli eru um, skal þeim heimilt að nota fráviksaðferð allt til þess að ákvæði þessara tilmæla verða endurskoðuð, nema því aðeins að stofnunin, sem sett er á fót til að sinna samstarfi milli eftirlitsyfirvalda í EES-ríkjunum og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA, ásamt starfshópum sem henni tengjast, geti veitt þeim nægilega hagnýta aðstoð og leiðsögn til að bæta upp slíkan skort á fjárráðum eða mannafla, og þá sérstaklega að mæta kostnaði við að beita aðferðinni sem tilmæli eru um. Ekki má ákvarða verð á grundvelli fráviksaðferða þannig að það verði herra en meðaltal lúkningargjalda samkvæmt ákvörðun eftirlitsyfirvalda sem nota kostnaðaraðferðina sem tilmæli eru um.
23. Þessi tilmæli hafa verið borin undir fjarskiptanefnd EFTA og hefur hún sagt álit sitt á þeim.

## TILMÆLIN ERU SVOHLJÓÐANDI:

1. Þegar verðkvaðir og kvaðir um kostnaðarbókhald samkvæmt 13. gr. tilskipunarinnar um aðgang eru lagðar á fjarskiptafyrirtæki sem eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum hafa flokkað sem félög með umtalsverðan markaðsstyrk á heilðsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum almennum símnetum („mörkuðum fyrir lúkningu í fastanetum og farsímanetum“), á grundvelli markaðsgreiningar sem fram fer í samræmi við 16. gr. rammtilskipunarinnar, skulu eftirlitsyfirvöld ákveða lúkningargjöld í samræmi við tilkostnað fjarskiptafyrirtækis sem náð hefur hagkvæmni í rekstri. Afleiðing af þessu er að gjöldin verða þá einnig samhverf. Eftirlitsyfirvöld skulu standa að verki í þessu tilliti eins og lýst er hér á eftir.
2. Mælt er til þess að mat á tilkostnaði í hagkvæmum rekstri sé byggt á núkostnaði og að notað sé neðansækið líkan þar sem kostnaðaraðferðin er vænt langtímaþróun viðbótarkostnaðar (LRIC).
3. Eftirlitsyfirvöld geta borið niðurstöður samkvæmt neðansækna líkaninu saman við niðurstöður samkvæmt samsvarandi ofansæknu líkani þar sem notast er við endurskoðuð gögn í því skyni að sannreyna niðurstöðurnar og gera þær áreiðanlegri, og geta þau þá gert leiðréttingar til samræmis.
4. Kostnaðarlíkanið skal miðað við hagkvæmar tæknilausnir sem tiltækar hafa verið á því tímabili sem líkanið nær til. Grunnnetshluti bæði fastaneta og farsímaneta gæti því í grundvallaratriðum miðast við tækni næstu kynslóðar neta (NGN). Jafnframt ætti aðgangshluti farsímaneta að miðast við blöndu af 2G- og 3G-símkerfum.
5. Kostnaðarflokkarnir, sem vísað er til hér, skulu skilgreindir þannig:
  - a) „Viðbótarkostnaður“: kostnaður sem fellur niður ef hætt er að bjóða tiltekna viðbótarþjónustu (einnig nefndur umflýjanlegur kostnaður).
  - b) „Umferðartengdur kostnaður“: allir fastir og breytilegir kostnaðarliðir sem hækka með aukinni umferð.
6. Í LRIC-líkaninu ber að skilgreina viðbótarþjónustuna, sem um ræðir, sem heilðsöluþjónustu við utanaðkomandi aðila á sviði lúkningar símtala. Þetta merkir að við mat á viðbótarkostnaði þurfa eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum að slá því föstu hver munurinn er á samanlögðum langtímakostnaði tiltekins fjarskiptafyrirtækis vegna allra þjónustuþátta og samanlögðum langtímakostnaði sama félags þegar þannig háttar til að það býður utanaðkomandi aðilum ekki heilðsöluþjónustu á sviði lúkningar. Nauðsynlegt er að greina á milli kostnaðarliða eftir því hvort þeir tengjast umferð eða ekki, þar eð líta ber framhjá hinum síðarnefndu þegar heilðsölugjöld fyrir lúkningu eru reiknuð út. Ákjósanlegasta aðferðin til greiningar á viðbótarkostnaðinum, sem um ræðir, er að heimfæra umferðartengda kostnaðarliði fyrst á aðrar tegundir þjónustu en heilðsölu á sviði lúkningar símtala, þannig að aðeins sá umferðartengdi kostnaður, sem þá stendur eftir, sé heimfærður á heilðsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala. Þetta merkir að aðeins ber að heimfæra á þjónustu á sviði lúkningar, sem lýtur kvöð um eftirlit með gjaldskrá, hvern þann kostnaðarlið sem félli niður ef hætt væri að bjóða utanaðkomandi aðilum heilðsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala. Í viðauka við þessi tilmæli er að finna nánari útlistun á reglum sem gilda um útreikning á viðbótarkostnaði vegna heilðsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala í fastanetum annars vegar og farsímanetum hins vegar.
7. Æskilegt er að nota afskriftaraðferð sem endurspeglar nýtingarvirði eigna, hvenær sem því verður við komið.
8. Þegar ákveðið er hver sé viðeigandi hagkvæmnisstærð fjarskiptafyrirtækis í viðmiðunarlíkani ber eftirlitsyfirvöldum í EFTA-ríkjunum að hafa hliðsjón af reglunum um ákvörðun á viðeigandi hagkvæmnisstærð fyrir lúkningarþjónustu í fastanetum og farsímanetum sem fram koma í viðauka við þessi tilmæli.
9. Ef tilkostnaður í hagkvæmum rekstri er ákveðinn á annan hátt en hér hefur verið lýst ber að útskýra forsendur þess með vísan til málefnalega kostnaðarfrávika sem eru ekki í valdi hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja. Slík málefnaleg kostnaðarfrávik geta komið fram á mörkuðum fyrir lúkningu í farsímanetum vegna misvægis í úthlutuðum tíðnisviðum. Ef kostnaðarlíkanið



tekur til viðbótartíðnisviðs, sem keypt er í því skyni að geta boðið heildsöluþjónustu á sviði lúkningar, ber eftirlitsyfirvöldum í EFTA-ríkjunum að taka öll málefnaleg kostnaðarfrávik til skoðunar á ný með reglulegu millibili, meðal annars að teknu tilliti til þess hvort líklegt sé, þegar horft er til framtíðar, að fjarskiptafyrirtækjum verði boðið að bæta við sig tíðnisviðum samkvæmt markaðsmiðuðum úthlutunarreglum sem myndu þá draga úr kostnaðarfrávikum vegna fyrri úthlutunar, eða hvort óhagræði af völdum hlutfallslega meiri kostnaðar muni minnka með tímanum þegar viðskipti aukast hjá þeim sem síðar hófu rekstur á markaðnum.

10. Þegar unnt er að sýna fram á að fjarskiptafyrirtæki, sem er nýtt á markaði og nær ekki minnstu hagkvæmnisstærð, beri hærri viðbótarkostnað á hverja einingu en fjarskiptafyrirtæki í viðmiðunarlíkani, og staðfest hefur verið að fyrirtæki mæti hindrunum á smásölumarkaði þegar þau vilja hefja nýjan rekstur eða færa út kvíarnar, geta eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum ákveðið að haga eftirliti með lúkningargjöldum þannig að þessi kostnaðarmunur innheimtist gegnum þau á tilteknu aðlögunartímabili. Hvert slíkt tímabil má ekki standa lengur en fjögur ár frá upphafi starfsemi á markaðnum.
11. Ákvæði þessara tilmæla gilda með fyrirvara um stjórnsluákvæðanir sem eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum hafa þegar tekið með tilliti til atriða sem hér er fjallað um. Engu að síður ber eftirlitsyfirvöldum að sjá til þess að lúkningargjöld séu ákveðin þannig að þau samræmist tilkostnaði í hagkvæmum rekstri og séu orðin samhverf eigi síðar en 31. desember 2012, þó að teknu tilliti til málefnalega kostnaðarfrávika sem staðfest hafa verið í samræmi við ákvæði 9. og 10. liðar.
12. Þegar svo háttar til, í undantekningartilvikum, að eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríki sjá sér ekki fært að ljúka tímanlega gerð kostnaðarlíkansins sem tilmæli eru um, og þá einkum ef ástæðan er skortur á fjármunum eða mannafla, og geta sýnt fram á að nota megi aðra aðferð en neðansækið LRIC-líkan sem byggist á núkostnaði til þess að ákveða verð í samræmi við þessi tilmæli, svo og að slíkar verðákvæðanir verði í samræmi við það sem gerist á samkeppnismarkaði, geta þau farið þá leið að ákveða bráðabirgðagjaldskrá á grundvelli slíkrar fráviksaðferðar sem gilda skuli til 1. júlí 2014. Ef málefnaleg rök standa til þess að það væri óhófleg byrði fyrir eftirlitsyfirvöld sem skortir fjárráð eða mannafla að beita eftir ofangreindan dag kostnaðaraðferðinni, sem tilmæli eru um, skal þeim heimilt að nota fráviksaðferð allt til þess að ákvæði þessara tilmæla verða endurskoðuð, nema því aðeins að stofnunin, sem sett er á fót til að sinna samstarfi milli eftirlitsyfirvalda í EES-ríkjunum og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA, ásamt starfshópum sem henni tengjast, geti veitt þeim nægilega hagnýta aðstoð og leiðsögn til að bæta upp slíkan skort á fjárráðum eða mannafla, og þá sérstaklega að mæta kostnaði við að beita aðferðinni sem tilmæli eru um. Ekki má ákvarða verð á grundvelli fráviksaðferða þannig að það verði herra en meðaltal lúkningargjalda samkvæmt ákvörðun eftirlitsyfirvalda sem nota kostnaðaraðferðina sem tilmæli eru um.
13. Tilmæli þessi verða endurskoðuð til samræmis við breytingar sem síðar kunna að verða á tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 2009/396/EB um opinbert eftirlit með lúkningargjöldum í fastanetum og farsímanetum í Evrópusambandinu.
14. Tilmælum þessum er beint til EFTA-ríkjanna.

Gjört í Brussel 13. apríl 2011.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

**Sabine Monauni-Tömördy**

*Starfandi forseti*

**Sverrir Haukur Gunnlaugsson**

*Stjórnarmaður*

*VIÐAUKI***Reglur um útreikning á heildsölugjöldum fyrir lúkningu í fastanetum**

Sá viðbótarkostnaður við heildsöluþjónustu á sviði lúkningar, sem um ræðir (þ.e. umflýjanlegur kostnaður), er munurinn á samanlögðum langtímakostnaði fjarskiptafyrirtækis vegna allra þjónustubátta og samanlögðum langtímakostnaði sama félags þegar þannig háttar til að það býður utanaðkomandi aðilum ekki heildsöluþjónustu á sviði lúkningar.

Nauðsynlegt er að greina á milli kostnaðarliða eftir því hvort þeir tengjast umferð eða ekki til þess að tryggja sé að allur slíkur kostnaður sé heimfærður á viðeigandi hátt. Líta ber framhjá kostnaði sem er ekki umferðartengdur þegar heildsölugjöld fyrir lúkningu eru reiknuð út. Af kostnaði sem tengist umferð skal aðeins heimfæra á viðkomandi viðbótartjónustu á sviði lúkningar hvern þann kostnaðarlið sem fellur niður ef heildsöluþjónusta á sviði lúkningar væri ekki veitt. Þennan umflýjanlega kostnað má reikna með því að heimfæra umferðartengda kostnaðarliði fyrst á aðra þjónustu en heildsöluþjónustu á sviði lúkningar (t.d. upphaf samtala, gagnatjónustu, netsjónvarp (IPTV) o.s.frv.) þannig að aðeins sá umferðartengdi kostnaður, sem þá stendur eftir, sé heimfærður á heildsöluþjónustu á sviði lúkningar samtala.

Í flestum tilvikum er eðlilegast að mörkin milli umferðartengds kostnaðar og annars kostnaðar séu dregin þar sem umferðin byrjar að þéttast. Í almennu símakerfi (PSTN) er venjulega litið svo á að þetta gerist á aðgangshlið línuspjaldsins í (fjar)þjappanum. Hliðstæða þessa í næstu kynslóðar breiðbandsnetum er línuspjaldíð í DSLAM/MSAN-búnaðinum<sup>(1)</sup>. Ef DSLAM/MSAN-búnaðurinn er settur upp í götuskápi er nauðsynlegt að huga að því hvort taugin, sem kemur þar á undan, þ.e. milli skápsins og símsstöðvar/aðaltengigrindar, er sameiginlegur flutningsmiðill og teljist þannig falla undir kostnað sem er háður umferð, en þá eru mörkin milli umferðartengds kostnaðar og annars kostnaðar dregin við götuskápinn. Ef séð er fyrir sérstakri flutningsgetu fyrir þjónustu á sviði lúkningar samtala, óháð því hvaða tækni er notuð, miðast mörkin áfram við (fjar)þjappann.

Dæmi um kostnað, sem telja ber til viðbótarkostnaðar vegna lúkningar í samræmi við það sem hér hefur verið lýst, eru sú aukna flutningsgeta nets sem þörf er á vegna aukinnar umferðar í tengslum við heildsöluþjónustu á sviði lúkningar (t.d. kaup á viðbótartækjabúnaði fyrir netkerfi að því leyti sem þau stafa af þörfinni á að auka flutningsgetu til þess að annast aukna umferð í tengslum við heildsöluþjónustu á sviði lúkningar) og aukinn sölu- og markaðskostnaður vegna heildsölustarfsemi sem tengist beint heildsöluþjónustu við utanaðkomandi aðila á sviði lúkningar.

Við ákvörðun á hagkvæmnisstærð fjarskiptafyrirtækis, með tilliti til kostnaðarlíkansins, verða eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum að hafa hliðsjón af því að í fastanetum geta fjarskiptafyrirtæki farið þá leið að byggja upp net á afmörkuðum landsvæðum og einbeita sér að flutningsleiðum þar sem umferð er mikil og/eða að leigja netaðstöðu frá ráðandi fjarskiptafyrirtækjum eftir þörfum. Við ákvörðun á hagkvæmnisstærð fjarskiptafyrirtækis í viðmiðunarlíkani verða eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum þannig að líta til þess að nauðsynlegt er að auðvelda fjarskiptafyrirtækjum að hefja starfsemi á markaðnum á hagkvæman hátt og taka jafnframt mið af því að við tiltekna aðstæður geta lítil fjarskiptafyrirtæki náð fram lágum einingarkostnaði þegar starfsemin fer fram á litlum svæðum. Þá má leggja til grundvallar að lítil fjarskiptafyrirtæki, sem ná ekki jafnmikilli stærðarhagkvæmni og stærstu fjarskiptafyrirtækin á stærri landsvæðum, muni kaupa þjónustu í heildsölu fremur en að annast lúkningartjónustu sjálf.

**Reglur um útreikning á heildsölugjöldum fyrir lúkningu í farsímanetum**

Sá viðbótarkostnaður við heildsöluþjónustu á sviði lúkningar, sem um ræðir (þ.e. umflýjanlegur kostnaður), er munurinn á samanlögðum langtímakostnaði fjarskiptafyrirtækis vegna allra þjónustubátta og samanlögðum langtímakostnaði sama félags þegar þannig háttar til að það býður utanaðkomandi aðilum ekki heildsöluþjónustu á sviði lúkningar.

Nauðsynlegt er að greina á milli kostnaðarliða eftir því hvort þeir tengjast umferð eða ekki til þess að tryggja sé að allur slíkur kostnaður sé heimfærður á viðeigandi hátt. Líta ber framhjá kostnaði sem er ekki umferðartengdur þegar heildsölugjöld fyrir lúkningu eru reiknuð út. Af kostnaði sem tengist umferð skal

<sup>(1)</sup> *Digital Subscriber Line Access Multiplexer/Multi-Service Access Node* [heiti á tveimur tegundum fjólrásabúnaðar í símsstöð/götuskápi].

aðeins heimfæra á viðkomandi viðbótarþjónustu á sviði lúkningar hvern þann kostnaðarlið sem félli niður ef heildsöluþjónusta á sviði lúkningar væri ekki veitt. Slíkan umflýjanlegan kostnað má reikna með því að heimfæra umferðartengda kostnaðarliði fyrst á aðra þjónustu en heildsöluþjónustu á sviði lúkningar (t.d. upphaf símtala, SMS, MMS o.s.frv.) þannig að aðeins sá umferðartengdi kostnaður, sem þá stendur eftir, sé heimfærður á heildsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala.

Umferð hefur ekki áhrif á kostnað sem fylgir kaupum á símtæki og SIM-korti og því ber að horfa framhjá honum við gerð kostnaðarlíkans fyrir heildsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala.

Útbreiðslu má lýsa einna best með því að notendur geti eða eigi kost á að hringja stakt símtal hvenær sem er frá hvaða stað í netinu sem vera skal, og flutningsgeta samsvarar þeim kostnaðarauka við netið sem er nauðsynlegur til þess að flytja megi aukna umferð. Sú nauðsyn að gefa áskrifendum kost á útbreiðslu af þessu tagi mun leiða til þess að leggja þurfi í kostnað sem er óháður umferð og ekki ber að heimfæra á heildsöluþjónustu á sviði lúkningar. Fjárfestingar á þegar uppbyggðum farsímamörkuðum eru fremur vegna aukningar á flutningsgetu og uppbyggingar á nýrri þjónustu og þarf það að koma fram í kostnaðarlíkaninu. Við útreikning viðbótarkostnaðar vegna heildsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala ber því að líta framhjá kostnaðarliðum sem tengjast útbreiðslu en taka tillit til kostnaðar vegna aukinnar flutningsgetu að því leyti sem hann er til kominn vegna heildsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala.

Kostnaður vegna notkunar á tíðnirófi (heimildar til ráðstöfunar og notkunar tíðnisviða), sem fellur til í tengslum við smásöluþjónustu við áskrifendur símkerfis, ræðst í upphafi af fjölda áskrifenda; hann er þannig óháður umferð og á ekki að teljast hluti kostnaðar við heildsöluþjónustu á sviði lúkningar. Kostnaður við öflun nýrra tíðnisviða til þess að auka flutningsgetu (umfram það sem er nauðsynlegt til að veita áskrifendum smásöluþjónustu) í því skyni að flytja umferð sem bætist við í tengslum við heildsöluþjónustu á sviði lúkningar símtala, skal talinn með sem væntur förnarkostnaður, þar sem því verður við komið.

Dæmi um kostnað, sem telja ber til viðbótarkostnaðar vegna lúkningar í samræmi við það sem hér hefur verið lýst, er þörfin á að auka flutningsgetu nets vegna aukinnar umferðar í tengslum við heildsöluþjónustu (t.d. kaup á viðbótartækjabúnaði fyrir netkerfi að því leyti sem þau stafa af þörfinni á að auka flutningsgetu til þess að annast aukna umferð í tengslum við heildsöluþjónustu). Netkostnaður af þessu tagi getur meðal annars stafað af því að bæta þurfi við farsímamiðstöðvum (en. *Mobile Switching Centre*, MSC) eða grunnbúnaði sem er nauðsynlegur beinlínis vegna flutnings á lúkningarumferð frá utanaðkomandi aðilum. Við þetta bætist að þegar tilteknir hlutar netsins eru notaðir bæði til upphafs- og lúkningarþjónustu, til dæmis farsímastöðvar (en. *cell site*) eða móðurstöðvar (en. *Base Transceiver Station*, BTS), skulu slíkir nethlutar felldir inn í kostnaðarlíkan fyrir lúkningarþjónustu að því leyti sem þeirra er þörf vegna viðbótarflutningsgetunnar sem er nauðsynleg til að annast lúkningarumferð frá utanaðkomandi aðilum. Að auki ber að taka tillit til viðbótarkostnaðar vegna tíðnisviðs og sölu- og markaðskostnaðar sem tengist beint heildsöluþjónustu við utanaðkomandi aðila á sviði lúkningar. Í þessu felst að lítið skal framhjá þeim kostnaði vegna útbreiðslu, þeim sameiginlega kostnaði og þeim sölu- og markaðskostnaði á smásölustigi sem er óumflýjanlegur.

Við ákvörðun á minnstu hagkvæmnisstærð sem notast á við í kostnaðarlíkaninu er æskilegt, með tilliti til þróunar markaðshlutdeildar í ýmsum EES-ríkjum, að miða við 20% markaðshlut. Búast má við að eftir að farsímafélög hefja starfsemi á markaðnum muni þau leita allra leiða til að auka hagkvæmni og tekjur og komast þannig í þá stöðu að ná að minnsta kosti 20% markaðshlut. Ef eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríki geta sýnt fram á að markaðsaðstæður á yfirráðasvæði ríkisins séu þess eðlis að minnsta hagkvæmnisstærð sé önnur en þessi geta þau vikið frá því sem hér er mælt með.

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/62/02

264/12/COL

frá 5. júlí 2012

**um stöðu Noregs með tilliti til iðradreps og veirublæðis og um niðurfellingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL <sup>(1)</sup>**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 8a í hluta 3.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum <sup>(2)</sup>, með leiðréttingum og áorðnum breytingum*

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 89. lið í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB frá 31. október 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu tiltekinnna aðildarríkja, svæða og hólfa <sup>(3)</sup>, með áorðnum breytingum*

með vísan til ákvörðunar stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 259/12/COL um að veita valdbærum stjórnarmanni umboð til að samþykkja þessa ákvörðun,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Stjórnvöld í Noregi sendu Eftirlitsstofnun EFTA bréf dagsett 3. maí 1994 þar sem fram koma viðeigandi röksemdir fyrir því að veita yferráðsvæði ríkisins stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til iðradreps og veirublæðis, ásamt norskum reglum sem eiga að tryggja að skilyrðum til að halda stöðu viðurkennds svæðis sé fullnægt.

Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 71/94/COL frá 27. júní 1994, með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt ákvörðun 244/02/COL frá 11. desember 2002, er kveðið á um að þau landsvæði í Noregi, sem talin voru upp í viðauka við ákvörðunina, hefðu stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis.

Hinn 26. nóvember 2007 var staðfest að veirublæði hefði komið upp í Mæra- og Raumsdalssýslu í Noregi. Lögbær yfirvöld í Noregi tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA ráðstafanir sem gerðar hefðu verið til að uppræta sjúkdóminn og hindra útbreiðslu hans. Eftirlitsstofnun EFTA taldi þær ráðstafanir vera viðeigandi.

Eftirlitsstofnun EFTA ákvað með ákvörðun 302/08/COL að Noregur skyldi halda stöðu viðurkennds meginlandssvæðis og viðurkennds strandsvæðis fyrir fisk með tilliti til iðradreps og veirublæðis, að frátöldum svæðunum sem talin eru upp í viðaukanum við þá ákvörðun.

Hinn 8. maí 2012 sendu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA yfirlýsingu um að veirublæði væri ekki til staðar, ásamt fylgiskjölum um eftirlit og sýnatöku að því er varðar allt yferráðsvæði þeirra, að frátöldum hinum norska hluta vatnasviðs Grense Jacobselv og Pasvik-árinnar, ásamt öllum vatnsföllum þar á milli, og aðliggjandi strandsvæðum.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, farið í saumana á yfirlýsingunni og fylgiskjölum með henni og telur að yfirlýsingin samrýmist kröfum um yfirlýsingu þess efnis að svæði sé laust við sjúkdóma sem er að finna í tilskipun 2006/88/EB og ákvörðun 2009/177/EB.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 259/12/COL. Nefndin samþykkti einróma tillöguna sem Eftirlitsstofnun EFTA

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 41, 12.2.2009, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 7, 12.2.2009, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L328, 24.11.2006, bls. 14, og EES-viðbætur nr. 32, 17.6.2010, bls. 1 á íslensku og nr. 35, 23.6.2011, bls. 44 á norsku.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15.

lagði fram. Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru þar af leiðandi í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis og lokatexti ráðstafananna er óbreyttur.

Því ætti að lýsa Noreg, að frátöldum hinum norska hluta vatnasviðs Grense Jacobselv og Pasvik-árinna, ásamt öllum vatnsföllum þar á milli, og aðliggjandi strandsvæðum, lausan við veirublæði.

Engar breytingar hafa orðið í Noregi með tilliti til iðradreps. Staða Noregs með tilliti til þessa sjúkdóms skyldi haldast óbreytt.

Rétt er að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL sé felld úr gildi og þessi ákvörðun komi í hennar stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Noregur, að frátöldum hinum norska hluta vatnasviðs Grense Jacobselv og Pasvik-árinna, ásamt öllum vatnsföllum þar á milli, og aðliggjandi strandsvæðum, er lýstur laus við iðradrep.

2. gr.

Noregur, að frátöldum hinum norska hluta vatnasviðs Grense Jacobselv og Pasvik-árinna, ásamt öllum vatnsföllum þar á milli, og aðliggjandi strandsvæðum, er lýstur laus við veirublæði.

3. gr.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 302/08/COL frá 21. maí 2008 fellur úr gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2012.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi.

6. gr.

Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 5. júlí 2012.

"

.....Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

**Sverrir Haukur Gunnlaugsson**  
stjórnarmaður

**Florence Simonetti**  
starfandi deildarstjóri

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/62/03

265/12/COL

frá 5. júlí 2012

## um viðurkenningu á viðbragðsáætlun stjórnvalda í Noregi vegna skráðra framandi sjúkdóma í lagardýrum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til gerðarinnar sem um getur í 8a. lið í hluta 3.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

*tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum <sup>(1)</sup>, með leiðréttingum og áorðnum breytingum*

með vísan til ákvörðunar stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 259/12/COL um að veita valdbærum stjórnarmanni umboð til að samþykkja þessa ákvörðun,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Stjórnvöld í Noregi hafa samið viðbragðsáætlun vegna skráðra framandi sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Hinn 30. júní 2011 lögðu stjórnvöld í Noregi fram viðbragðsáætlun til samþykktar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, eins krafa er um í 4. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, farið í saumana á viðbragðsáætlun vegna skráðra framandi sjúkdóma í lagardýrum.

Enn fremur fóru starfsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA til Noregs í apríl 2012 vegna viðbragðsááætlana.

Rannsóknir Eftirlitsstofnunar EFTA í sendiförinni til Noregs sýna að viðbragðsáætlun norskra stjórnvalda fullnægir kröfum 47. gr. og VII. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 259/12/COL. Nefndin samþykkti einróma tillöguna sem Eftirlitsstofnun EFTA lagði fram. Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru þar af leiðandi í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis og lokatexti ráðstafananna er óbreyttur.

Því er rétt að viðurkenna viðbragðsáætlun stjórnvalda í Noregi vegna skráðra framandi sjúkdóma í lagardýrum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Viðbragðsáætlun stjórnvalda í Noregi vegna skráðra framandi sjúkdóma í lagardýrum er viðurkennd.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2012.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til stjórnvalda í Noregi.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L328, 24.11.2006, bls. 14, og EES-viðbætur nr. 32, 17.6.2010, bls. 1 á íslensku og nr. 35, 23.6.2011, bls. 44 á norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 5. júlí 2012.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

**Sverrir Haukur Gunnlaugsson**

*stjórnarmaður*

**Florence Simonetti**

*starfandi deildarstjóri*

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6699 – MEP/Walach Bros/Walmark)**

**2012/EES/62/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Mid Europa Partners („MEP“) og hið tékkneska Aternus, sem lýtur yfirráðum Adam Walach, Valdemar Walach og Mariusz Walach („ráðandi seljendur“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í tékkneska fyrirtækinu Walmark, sem nú lýtur að fullu yfirráðum hinna ráðandi seljenda.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - MEP: stjórnun fjárfestingarsjóða sem leggja áherslu á Mið-Evrópu og Tyrkland og fjárfestir í félögum í fjölda atvinnugreina. MEP á, m.a., Zabka, keðju lítilla matvöruverslana í Póllandi
  - Ráðandi seljendur: stjórnendur Walmark, sem stundar framleiðslu og dreifingu á fæðubótarefnum, lyfjum sem eru ekki lyfseðilsskyld og tengdum vörum. Ráðandi seljendur hafa einnig tekjur af þremur sjálfstæðum lyfjaverslunum og fasteignaleigu í Tékklandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 339, 7. nóvember 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6699 – MEP/Walach Bros/Walmark, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6741 – Vivendi Group/N/C+ Entity)**

2012/EES/62/05

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. október 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Canal+ Group SA („Canal+“), sem er endanlega í eigu Vivendi SA („Vivendi“), öðlast með samningi að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í pólska fyrirtækinu N/C + Entity („N/C+“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Canal +: framleiðsla, dreifing og markaðssetning sjónvarpsrása og þjónustu á öllum stigum
  - N/C+: greiðslusjónvarp um gervihnött til heimila í Póllandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 339, 7. nóvember 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6741 – Vivendi Group/N/C+ Entity, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.6767 – Bain Capital Investors/Atento)**

2012/EES/62/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. október 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Bain Capital Investors, LLC („Bain Capital Investors“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu óbein yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Atento Inversiones y Teleservicios S.A. („Atento“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bain Capital Investors: fjárfestingafyrirtæki, sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Atento: veitir þjónustu á sviði útvistunar viðskiptaaðferða, einkum að því er varðar umsýslu með sambandi við viðskiptavini, sérstaklega þó því hvernig sinna eigi þörfum þeirra
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 339, 7. nóvember 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6767 – Bain Capital Investors/Atento, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Ríkisaðstoð – Þýskaland****2012/EES/62/07****Málsnúmer SA.31550 (2012/C) (áður 2012/NN) og SA.34890 (2012/C) (áður 2012/N)  
– Nürburgring****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um  
starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Þýskalandi, með bréfi dagsettu 7. ágúst 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([C 333, 30.10.2012](#), bls. 1). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË  
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Belgía, Frakkland, Lúxemborg****2012/EES/62/08****Málsnúmer SA 34925 (2012/C) (áður 2012/N) Dexia – Hækkun á efri mörkum  
ábyrgðar – Belgía, SA 34927 (2012/C) (áður 2012/N) Dexia – Hækkun á efri  
mörkum ábyrgðar – Lúxemborg, SA 34928 (2012/C) (áður 2012/N) Dexia –  
Hækkun á efri mörkum ábyrgðar – Frakkland****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um  
starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg, með bréfi dagsettu 6. júní 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([C 333, 30.10.2012](#), bls. 9). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË  
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Þýskaland****2012/EES/62/09****Málsnúmer SA.34118 (2012/C) (áður 2011/N) – LIP – Aðstoð við Porsche Leipzig****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Þýskalandi, með bréfi dagsettu 11. júlí 2012, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([C 333, 30.10.2012](#), bls. 17). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË  
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Auglýsing framkvæmdastjórnar EB um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við 2012/EES/62/10  
endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki;  
vextirnir gilda frá 1. nóvember 2012**

*(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB)  
nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))*

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtið. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunarvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Fyrri tafla birtist í Stjtið. ESB C 252, 22.8.2012, bls. 7, og EES-viðbæti nr. 47, 30.8.2012, bls. 7.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.1.2011	28.2.2011	1,49	1,49	3,97	1,49	1,79	1,49	1,76	1,49	1,49
1.3.2011	30.4.2011	1,49	1,49	3,97	1,49	1,79	1,49	1,76	1,49	1,49
1.5.2011	30.6.2011	1,73	1,73	3,97	1,73	1,79	1,73	1,76	1,73	1,73
1.7.2011	31.7.2011	2,05	2,05	3,97	2,05	1,79	2,05	1,76	2,05	2,05
1.8.2011	31.12.2011	2,05	2,05	3,97	2,05	1,79	2,05	2,07	2,05	2,05
1.1.2012	29.2.2012	2,07	2,07	3,66	2,07	1,72	2,07	1,85	2,07	2,07
1.3.2012	30.4.2012	2,07	2,07	3,66	2,07	1,72	2,07	1,85	2,07	2,07
1.5.2012	31.5.2012	1,67	1,67	3,66	1,67	1,72	1,67	1,85	1,67	1,67
1.6.2012	30.6.2012	1,67	1,67	2,94	1,67	1,72	1,67	1,57	1,67	1,67
1.7.2012	31.8.2012	1,38	1,38	3,66	1,38	1,72	1,38	1,85	1,38	1,38
1.9.2012	30.9.2012	1,38	1,38	2,40	1,38	1,72	1,38	1,20	1,38	1,38
1.10.2012	31.10.2012	1,05	1,05	2,40	1,05	1,72	1,05	0,99	1,05	1,05
1.11.2012	–	0,89	0,89	1,81	0,89	1,43	0,89	0,99	0,89	0,89

Frá	Til	ES	FI	FR	HU	IE	IT	LT	LU	LV
1.1.2011	28.2.2011	1,49	1,49	1,49	5,61	1,49	1,49	2,56	1,49	2,64
1.3.2011	30.4.2011	1,49	1,49	1,49	5,61	1,49	1,49	2,56	1,49	2,20
1.5.2011	30.6.2011	1,73	1,73	1,73	5,61	1,73	1,73	2,56	1,73	2,20
1.7.2011	31.7.2011	2,05	2,05	2,05	5,61	2,05	2,05	2,56	2,05	2,20
1.8.2011	31.12.2011	2,05	2,05	2,05	5,61	2,05	2,05	2,56	2,05	2,20
1.1.2012	29.2.2012	2,07	2,07	2,07	6,39	2,07	2,07	2,57	2,07	2,38
1.3.2012	30.4.2012	2,07	2,07	2,07	7,48	2,07	2,07	2,57	2,07	2,78
1.5.2012	31.5.2012	1,67	1,67	1,67	7,48	1,67	1,67	2,57	1,67	2,78
1.6.2012	30.6.2012	1,67	1,67	1,67	7,48	1,67	1,67	2,57	1,67	2,34
1.7.2012	31.8.2012	1,38	1,38	1,38	7,48	1,38	1,38	2,09	1,38	2,34
1.9.2012	30.9.2012	1,38	1,38	1,38	7,48	1,38	1,38	2,09	1,38	2,34
1.10.2012	31.10.2012	1,05	1,05	1,05	7,48	1,05	1,05	2,09	1,05	1,91
1.11.2012	–	0,89	0,89	0,89	7,48	0,89	0,89	1,69	0,89	1,91

Frá	Til	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2011	28.2.2011	1,49	1,49	4,26	1,49	7,18	1,76	1,49	1,49	1,48
1.3.2011	30.4.2011	1,49	1,49	4,26	1,49	7,18	2,23	1,49	1,49	1,48
1.5.2011	30.6.2011	1,73	1,73	4,26	1,73	7,18	2,65	1,73	1,73	1,48
1.7.2011	31.7.2011	2,05	2,05	4,26	2,05	7,18	2,65	2,05	2,05	1,48
1.8.2011	31.12.2011	2,05	2,05	4,26	2,05	7,18	2,65	2,05	2,05	1,48
1.1.2012	29.2.2012	2,07	2,07	4,91	2,07	6,85	2,76	2,07	2,07	1,74
1.3.2012	30.4.2012	2,07	2,07	4,91	2,07	6,85	2,76	2,07	2,07	1,74
1.5.2012	31.5.2012	1,67	1,67	4,91	1,67	6,85	2,76	1,67	1,67	1,74
1.6.2012	30.6.2012	1,67	1,67	4,91	1,67	5,58	2,76	1,67	1,67	1,74
1.7.2012	31.8.2012	1,38	1,38	4,91	1,38	5,58	2,76	1,38	1,38	1,74
1.9.2012	30.9.2012	1,38	1,38	4,91	1,38	5,58	2,76	1,38	1,38	1,74
1.10.2012	31.10.2012	1,05	1,05	4,91	1,05	5,58	2,76	1,05	1,05	1,74
1.11.2012	–	0,89	0,89	4,91	0,89	5,58	2,76	0,89	0,89	1,46